

(að $\frac{2}{8}$ og $\frac{1}{8}$) allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar, 20 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 20. október.

Nr. 13/1913.

Gísli J. Johnsen
 gegn
 Morten Skov.

D ó m u r :

Áfrýjandinn Gísli J. Johnsen, konsúll í Vestmannaeyjum, höfðaði mál þetta fyrir gestarétti Vestmannaeyjasýslu gegn skipstjóra Morten Skov frá Reykjavík til þess að fá hann dæmdan til hegningar og málskostnaðarútláta fyrir að hafa lostið sig höfuðhöggi að ósekju í forstofunni í húsinu Godthaab þar í Eyjunum um nónbil á gamlársdag síðastliðinn, en með dómi tóðs réttar, uppkveðnum 28. febrúar þ. á., var stefndi sýknaður af kröfum áfrýjanda og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum í málskostnað 40 krónur. Þá var og með dóminum umboðsmaður stefnda fyrir gestaréttinum dæmdur í 20 kr. sekt fyrir ósæmilegan rithátt, að hálfu til landssjóðs, en að hálfu til fátækra sjóðs Vestmannaeyja. Dómi þessum

hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 10. marz þ. á. og krafist þess, að dómnum verði breytt þannig, að stefndi verði dæmdur í hegningu fyrir ofbeldi og í málskostnað fyrir undir- og yfirdómi eftir mati yfirdómsins, en að öðru leyti sé gestaréttardómurinn staðfestur. Stefndi hefir að sínu leyti krafist þess, að gestaréttardómurinn verði að öllu leyti staðfestur, en sér til dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir réttarins mati.

Stefndi hefir neitað því, að hann hafi við umrætt tækifæri lostið áfrýjanda höfuðhöggi, eða yfir höfuð slegið hann á nokkurn hátt. Hann hafi að eins hreift handlegginn til áherzlu orðum sínum, eins og menn geri í ákafri orðadeilu, sem þeir hafi verið í, hann og áfrýjandi, en hann hafi ekki snert áfrýjanda. 2 vitni hafa þó borið það og unnið eið að því, að þeir hafi séð stefnda við þetta tækifæri slá áfrýjandann vinstra megin á höfuðið með hægri hendi, og ennfremur, að þeir hafi heyrt stefnda kannast við að hafa slegið áfrýjanda. Þetta, að stefndi hafi kannast við að hafa slegið áfrýjanda, hafa einnig stefnuvottarnir, sem birtu stefnda stefnuna til gestaréttarins, borið og staðfest með eiði. Vitni þessi öll verða að teljast gild vitni í þessu máli, sérstaklega einnig vitnið Jes Gíslason uppgjafaprestur, sem hefir borið, að hann hafi séð stefnda slá áfrýjanda og heyrt hann kannast við að hafa gert það, en um vitni þetta, sem er mágur áfrýjanda og starfsmaður við verzlun hans, virðist, eins og hér stóð á, ákvæði N. L. 1—13—17 i. f. eiga að koma til greina. Gegn framburði vitna þessara hefir eitt vitni borið það, að það hafi verið viðstatt og veitt athygli því, er fram fór, en ekki séð stefnda slá áfrýjanda, en þetta vitni hefir sumpart verið reikult mjög í framburði sínum

og jafnvel orðið þar tvísaga, sumpart er engin greinargerð fram komin fyrir því, að það hafi haft þá aðstöðu að því sem fram fór, að það hafi getað fylgst fullkomlega með því sem gerðist. Hin neitandi skýrsla þessa vitnis verður því ekki álitin koma í bága við eða geta hnekt hinum öðrum vitnaskýrslum í málinu, en með þeim verður að teljast vera fram komin næg sönnun fyrir því, að stefndi hafi slegið áfrýjanda við umrætt tækifæri, á þann hátt, er fyr er greint, og að þetta hafi eigi orðið af gáningsleysi fyrir stefnda, vegna handatiltekta hans (gestikulationar) í orðasennu þeirra, eins og hann hefir haldið fram, heldur viljandi, virðist einnig sannað með þeim hinum sömu vitnaskýrslum og framburði annara vitna, er stefndi hefir viljað styðjast við, en samkvæmt þeim skýrslum á stefndi að hafa sagst hafa slegið til eða í áttina til áfrýjanda (»slaaet efter ham« eða »slaaet bag-efter ham«). Af öðru leyti má ráða af málinu, að högg það, er stefndi veitti áfrýjanda, hafi verið lítið, og ekki hlaut neinn áverki af því. Ber að heimfæra atferli stefnda undir 202. gr. almennra hegningarlaga og virðist hann eiga fyrir það að sæta 30 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 6 daga einföldu fangelsi. Svo ber honum og að greiða áfrýjanda í málskostnað 40 krónur. Breytingar á ákvæði dómsins um sekt fyrir ósæmilegan rithátt er eigi krafist og stendur það því óhaggað.

Því dæmist rétt vera:

Skipstjóri Morten Skov greiði 30 króna sekt til landssjóðs eða sæti ella 6 daga einföldu fangelsi, ef

sektin er eigi öll greidd í tæka tíð. Svo greiði hann áfrýjanda Gísla J. Johnsen konsúl í málskostnað 40 krónur. Um sekt fyrir ósæmilegan rithátt skal gestaréttardóminum óraskað.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn 3. nóvember.

Nr. 29/1913

Réttvísinn
gegn
Halldóri Jónssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað gegn Halldóri Jónssyni gjaldkera Landsbankans fyrir brot gegn 13. kaþítula hinna almennu hegningarlaga og var dæmt í aukarétti Reykjavíkur 18. febrúar þ. á. á þá leið, að ákærður skyldi vera sýkn af öllum ákærum réttvísinnar í málinu, en greiða allan kostnað sakarinnar. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdóms bæði af hálfu réttvísinnar og ákærða. Eftir að málið var tekið upp til dóms í yfirdómi, viku allir hinir reglulegu dómárar sæti í því með úrskurði, uppkveðnum 14. júlí síðastl. Voru þá skipaðir setudómárar með þremur bréfum stjórnarráðsins, dagsettum 7. ágúst síðastl., þeir Páll Einarsson borgarstjóri í Reykjavík sem dómstjóri, Magnús Jónsson sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu og bæjarfógeti í Hafnarfirði sem 1. meðdómandi og Jón Kristjánsson prófessor sem 2. meðdómandi.